

Fundargerð 507

Föstudaginn 18. mars 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heidiþrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (PEE). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) settur forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1-2), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs. Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 1-7) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Að auki sátu Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi og Helga Harðardóttir (HH) löggiltur endurskoðandi við dagskrárlið 4.

Formaður setti fund kl. 9:01 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. ICAAP skýrsla - til afgreiðslu
3. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Lánveitingar vegna uppbygginga fjarvinnslustöðva - til afgreiðslu
4. Ársreikningur Byggðastofnunar 2021 - til afgreiðslu
 - a. Innri og ytri endurskoðendur kynna sína vinnu
 - b. Fjallað um skýrslu endurskoðunarnefndar
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Hagvaxtarskýrsla landshluta - til kynningar
7. Nýliðun í landbúnaði - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 506.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. ICCAP skýrsla - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ICAAP skýrsla ársins 2021 sem HP kynnti. Helstu niðurstöður eru að stofnunin er innan allflestra viðmiða sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar. Í skýrslunni er fjallað um landbúnað og þau áhrif sem aukin verðbólga, hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands og hækkandi verð á aðföngum getur haft á atvinnugreinina. Landbúnaður er stærsta atvinnugreinin innan lánasafnsins en mikil óvissa ríkir nú um hvaða áhrif stríðsrekstur Úkraínu muni hafa á verðlag innanlands.

MaH kom inn á fundinn kl. 10:00

Til máls tóku KB, AME, PEE, HÓ, SEP, HKH, MaH og GP.

Formaður bar ICAAP skýrslu ársins 2021 upp og var hún samþykkt samhljóða.

HP vék af fundi

3. Lánamál

- a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 7/22-9/22 sem AME kynnti auk yfirlits yfir lánaákvæðanir lánanefndar frá síðasta stjórnarfundi.

b. Lán til uppbyggingar fjarvinnslustöðva

Fyrir fundinum liggur minnisblað setts forstjóra um lán til uppbyggingar fjarvinnustöðva sem AME kynnti. Lagðar eru fram tvær tillögur í minnisblaðinu.

1. Annars vegar að stofnunin taki þátt í verkefnismarkmiðinu (störf óháð staðsetningu) með því að veita lán til kaupa og/eða framkvæmda á fjarvinnustöðvum í samræmi við skilmála almennra lána.
2. Hins vegar að stofnaður verði nýr lánaflokkur til ofangreinds með sömu kjörum og veðsetningarhlutföllum og græn lán. Skilyrði fyrir stofnun flokksins verði að stofnunin fái, vegna aukinnar tapsáhættu af hærri veðsetningu sem ekki er mætt með COSME samkomulaginu, sérstakt eiginfjárframlag að upphæð 75 mkr. Heildarpottur verði 500 mkr. með þessu eiginfjárframlagi en engin fjárhæðatakmiörk komi til nýtt verkefni innan EIF á síðari stigum sem nær utan um þennan nýja lánaflokk.

Til máls tóku GP KB, HKH, HÓ, MBJ, ÞEE. Ekki er talin ástæða til að búa til sérstakan lánaflokk um verkefnið.

Formaður lagði til að stofnunin veiti lán til að styðja við verkefnismarkmiðið úr þeim lánaflokkum sem til eru í samræmi við skilmála þeirra og var það samþykkt samhljóða.

4. Ársreikningur Byggðastofnunar 2021 - til afgreiðslu

AGT og HH komu inn á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- Ársreikningur Byggðastofnunar 2021
- Nánari sundurliðanir á ýmsum liðum ársreikningsins
- Endurskoðunarskýrsla Byggðastofnunar 2021
- Skýrsla innri endurskoðanda Byggðastofnunar 2021
- Skýrsla endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar 2021

HH fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og þær ábendingar sem þar komu fram og viðbrögð stjórnenda við þeim. AGT fór síðan yfir endurskoðunarskýrsluna þar sem fram komu helstu áherslur í endurskoðuninni og áritun sína á reikningnum sem er án fyrirvara. MH fór yfir ársreikninginn. HKH fór yfir vinnu endurskoðunarnefndar og skýrslu nefndarinnar.

Hagnaður ársins nam 167,3 m.kr. Eignir í lok árs námu 22.049 m.kr., skuldir voru 18.728 m.kr. og eigið fé 3.322 m.kr. Eiginfjárhlutfall sk.v lögum um fjármálafyrirtæki var 18,17%.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk HH, AGT, MH og AME

Formaður bar upp ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2021 og var hann samþykktur samhljóða og sendur til rafrænnar undirritunar.

AGT og HH viku af fundi.

5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd verkefna á starfsáætlun og yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar 28. febrúar sl. SEP fór yfir framfylgd verkefna.

Til máls tóku AME, MBJ, ÞEE, GÐ og KB.

Rætt um málefni flóttamanna frá Úkraínu og var samþykkt samhljóða að heimila forstjóra að bjóða Aðalgötu 6 á Blönduósi fram sem aðstöðu fyrir flóttamenn og bíða með sölu eða leigu á eigninni þangað til svar berst frá flóttamannanefnd.

Formaður gerð hlé á fundi kl. 12:04 og var fundur aftur settur kl. 12:20

6. Hagvaxtarskýrsla landshluta - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt landshluta 2012-2019 sem SÁ kynnti.

7. Nýliðun í landbúnaði - til kynningar

SÁ kynnti samantekt um mögulega nýliðun í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu.

Til máls tóku GÐ, KB, MBJ, AME og HÓ.

Stjórn telur brýnt að málinu verði haldið vakandi.

8. Önnur mál

...

9. Næsti fundur

Formaður upplýsti að næsti fundur yrði 5. maí nk. í Borgarnesi og ársfundur yrði haldinn eftir hádegi sama dag í félagsheimilinu Þinghamrar á Varmalandi.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:10

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Þórey Edda Elísdóttir